



Reykjavík, 21. mars 2006.

*Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skattaumhverfi líknarfélaga.  
Þskj. 795 - 547. mál*

Hjálparstarf kirkjunnar  
Jónas Þ. Þórisson framkvæmdastjóri

Hjálparstarf kirkjunnar fagnar tillögunni sem er löngu tímabær. Hjálparstarfið gerir þó athugasemd við mikla áherslu á fjármagnstekjuskatt (í tillögunni og í greinargerðinni t.d. bls. 2 í línu 1, bls. 3 í línu 4) umfram aðra skatta sem einnig skipta miklu máli fyrir rekstur stofnunarinnar. Til að skerpa á því mætti breyta:

Í fyrstu málsgrein tillögunnar sé virðisaukaskatti bætt við ; ...,breytingar á lögum um tekjuskatt, eignarskatt og virðisaukaskatt...”

Í fyrstu málsgrein einnig, að tekið sé út „einkum með áherslu á afnám fjármagnstekjuskatts”.

Með hliðsjón af ofangreindu fylgja hér megináherslur eins og þær voru ræddar í samstarfshópnum um skattamál frjálsra félagasamtaka.

- a) að allar tekjur mannúðarfélaga, einnig fjármagnstekjur verði undanþegnar skatti
- b) að mannúðarfélög verði undanþegin virðisaukaskatti af vel skilgreindri þjónustu s.s. endurskoðun bókhalds, ráðgjöf o. þ.u.l. á sama hátt og opinberar stofnanir.
- c) að mannúðarfélög verði undanþegin virðisaukaskatti af vörum sem félagið kaupir eða lætur framleiða fyrir sig til fræðslu eða fjáröflunar s.s. kynningarblöð, söfnunarbauka, jólakort, kerti o.þ.h.
- d) að einstaklingar eigi kost á því að gefa skattfrjálsar gjafir til mannúðarmála
- e) að heimild fyrirtækja til að ráðstafa ákveðnu hlutfalli tekna sinna til mannúðarmála, áður en til skattlagningar kemur, verði rýmkuð í takt við það sem gerist í nágrennalöndum okkar.

  
Jónas Þ. Þórisson

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. mars 2006 2006030171

Með bréfi dags. 8. mars er óskað eftir umsögn embættisins um tillögu til þingsályktunar um skattaumhverfi líknarfélaga, þingskjal 795, mál 547.

Í þingsályktunartillögu þessari er lagt til að undurbúnar verði breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt með það fyrir augum að gera skattaumhverfi líknarfélaga hér á landi sambærilegt við það sem gerist í öðrum löndum.

Líknarfélög hér á landi hafa sömu stöðu og önnur félög sem starfa til almannaheilla. Þau eru skattfrjáls af tekjum sínum hvað varðar almennan tekjuskatt, greiða hins vegar skatta af fjármagnstekjum sínum og bera virðisaukaskatt eins og aðrir aðilar sem ekki eru í atvinnustarfsemi. Líknarfélög sem slík eru ekki sérgreind í skattalögum. Ríkisskattstjóri telur óheppilegt að taka upp reglur sem krefjast sérgreiningar og mismunandi meðferðar á félagasamtökum eftir eðli þeirra. Sé slík aðgreining gerð þarf hún að byggjast á skýrum málefnalegum atriðum og vera sem minnst undir mati skattyfirvalda komin.

Hvað varðar skyldu þessara félaga til að greiða fjármagnstekjuskatt er hún hin sama og gildir um aðra aðila sem ekki eru skattskyldir af starfsemi sinni. Er þarna vissulega um frávík að ræða frá þeirri almennu reglu að þessi félög séu undanþegin skattgreiðslu. Ríkisskattstjóri telur ekki rétt að endurskoðun á þeirri reglu taki aðeins til hluta hinna óskattskyldu félaga.

Hvað varðar heimild til frádráttar frá skattskyldum tekjum vill ríkisskattstjóri taka fram að slík heimild til handa einstaklingum er varhugaverð frá framkvæmdalegu sjónarmiði. Sönnun á slíkum frádráttarliðum og könnun á réttmæti þeirra kallar á framlagningu gagna og fleira sem mjög illa fellur að þeirri skattframkvæmd gagnvart einstaklingum sem mótuð hefur verið á síðustu árum.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki tilefni til þess að fjölyrða um tillögu þessa.

Virðingarfyllst



Indriði H Þorláksson  
ríkisskattstjóri



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS  
ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/1408*  
*komudagur 22.3.2006*

**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 21. mars 2006.

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um skattaumhverfi líknarfélaga (547. mál)**

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur það í sér að skattaumhverfi líknarfélaga verði breytt.


Viðskiptaráð fagnar öllum hugmyndum um minnkandi skattbyrði. Hér er hinsvegar ekki um tillögu um skattalækkun að ræða heldur er hér mælt fyrir um enn eina skattaundanþágu. Á viðskiptaþingi 2005 kynnti Viðskiptaráð tillögur sínar um flata skatta. Þegar talað er um flata skatta er átt við eitt skattþrep án undantekninga. Slíkt einfalt kerfi er til þess fallið að fækka undanskotum auk þess sem það skapar jafnræði milli ólíkra tegunda tekna og ólíkra atvinnuvega. Með einföldu kerfi er einnig tryggt að markmiði skattheimtu sé náð, þ.e. að afla ríkissjóði tekna.

Eins og nefnt er í greinargerð með tillögunni þjóna líknarfélög mikilvægu hlutverki í samfélaginu og mun hlutverk þeirra líkiega fara vaxandi á næstunni. Rétt er að taka undir ummæli í greinargerð þess efnis að líknarfélög séu í mörgum tilfellum betur í stakk búin til að leysa vandamál heldur en hið opinbera. Það að starfsemi þjóni mikilvægu hlutverki eru hinsvegar ekki rök fyrir því að starfsemi eigi að vera skattfrjáls. Ýmis lífsnauðsynleg starfsemi eins og sala á matvælum er mjög mikilvæg en samt sem áður ber að greiða skatta af þeirri starfsemi.

Almennar skattalækkanir myndu nýtast líknarfélögum best. Slíkar lækkanir minnka ekki aðeins skattbyrði líknarfélaganna sjálfra heldur einstaklinga og fyrirtækja sem hafa þannig meira svigrúm til að láta fé af hendi rakna til góðar málefna.

**Viðskiptaráð leggur því til að tillagan nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllt,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

  
Davíð Þorláksson